



Selfossi 22. september 2015

Fundargerð fagraðs

10. fundur Fagraðs *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 22. september 2015, kl. 8.30 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Eyþór H. Ólafsson, Kristján Einarsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.30

1. **Farið yfir málin**

Farið yfir útköll og æfingar undanfarið. Starfsemi gengur sinn vanagang, útköllum hefur fjölgað milli ára, þ.e.a.s. þeim fækkaði síðustu tvö ár en það sem af er ársins 2015 hefur þeim fjölgað aftur. Hauststarfið er að detta í gang með æfingum og námskeiðum.

2. **Brunavarnaáætlun BÁ**

Brunavarnaáætlun lögð fram til kynningar. Farið yfir einstaka þætti og þeir ræddir. Nokkrar breytingar voru gerðar. Samþykkt að senda áætlunina til aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.

3. **Fjárhagsáætlun 2016**

Fjárhagsáætlun 2016 lögð fram til kynningar. Umræður um einstaka liði sem þarf að leiðrétta fyrir framhaldsfund.

4. **Erindi frá Búnaðarfélagi Gnúpverjahrepps varðandi byggingu slökkvistöðvar**

Lagt fram til kynningar.

5. **Önnur mál**

Framhaldsfundur ákveðinn 29. september kl 8:30.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 10:50